



Stjórn SSH 401. fundur

Mánudaginn 7. apríl 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Bryndís Haraldsdóttir, Jón Gnarr, Guðný Ívarsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Forföll: Haraldur Sverrisson

Ennfremur sátu fundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH og framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sem ritaði fundargerð.

Vegna fjarveru stjórnarformanns við upphaf fundar tók Dagur B. Eggertsson að sér fundarstjórn fyrri hluta fundarins

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur SSH 2013

Hlynur Sigurðsson frá KPMG endurskoðun sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2013, ásamt áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Hlynur Sigurðsson gerði grein fyrir helstu þáttum ársreikningsins, einkum þeim breytingum sem þar koma fram á milli ára í ljósi aukinna verkefna SSH.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn og framkvæmdastjóri árituðu ársreikninginn.

2. Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

Svanhvít Jakobsdóttir forstöðumaður Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Svanhvít fór ítarlega yfir stöðu á rekstri og þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í ljósi þess niðurskurðar sem heilsugæslan hefur þurft að beita á undanförunum árum.

Gunnar Einarsson mætti til fundar og tók við fundarstjórn.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH hvarmar núverandi stöðu og aðstæður sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins býr við og sem verður að teljast með öllu óviðunandi. Stjórnin treystir því að sem fyrst verði gerð nauðsynleg breyting á þessu ástandi með auknu fjármagni, og bendir ennfremur á að vert sé að skoða hvort þessi rekstur sé betur kominn hjá sveitarfélögunum sem hluti af þeirri nærþjónustu sem sveitarfélögin veita.

3. **Samningur um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.**

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hörður Hilmarsson formaður verkefnahóps til undirbúnings að sameiginlegu útboði á akstri v. ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, og Reynir Kristinsson ráðgjafi.

Farið var yfir fyrirbyggjandi tillögu að samkomulagi sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, tillögu að sameiginlegum reglum um þjónustuna og verklýsingu vegna framkvæmdar Strætó bs. á rekstri þjónustuborðs og útboðs á akstri.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að fyrirbyggjandi tillögur verði sendar aðildarsveitarfélögunum til efnislegrar afgreiðslu.

4. **Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og tillaga að endurskoðaðri vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.**

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir stöðu vinnu við gerð nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og tillögu að endurskoðaðri vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið. Búið er að auglýsa tillögur á vinnslustigi að hvorutveggja þessara verkefna, og áfámhaldandi vinna miðast við að hægt verði að senda báðar tillögurnar fullmótaðar til sveitarstjórna til ákvörðunar um formlega auglýsingu í maímánuði.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH er sammála því að stefnt verði að því að tillögurnar verði afgreiddar frá sveitarstjórnnum til auglýsingar fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

5. **Samgönguáætlun 2013 - 2016.**

Fyrir lá tillaga að þingsályktun um uppfærða samgönguáætlun 2013 – 2016

6. **Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnýslu ríkisins í héraði**

Umræður um fyrirbyggjandi frumvarp þar sem gerð er tillaga um sameiningu sýslumannsembætta á höfuðborgarsvæðinu í eitt embætti.

GÁG vakti máls á samráðsleysi við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu við vinnslu málsins.

Umræður

Ákveðið að fjalla frekar um málið á næsta stjórnarfund.

7. **Önnur mál:**

a) **Skíðasvæðin – ársuppgjör 2013**

Fyrir lá ársuppgjör skíðasvæðanna fyrir 2013.

b) **Skráning eyðibýla – beiðni um styrk**

Erindinu hafnað.

c) Erindi frá smtökunum „Gróður fyrir fólk“ v. mögulegrar nýtingar á úrgangi frá fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi.

Vísað til stýrihóps v. framkvæmda Sorpu bs. í Álfsnesi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05